

Sunnudaginn 23. maí, 2010 - Sunnudagsmoggi

Er búinn að vera margar persónur

Viðtal

Kolbrún Bergþórsdóttir

kolbrun@mbl.is



Hrafn Gunnlaugsson með Aroni syni sínum. „Saman erum við ægilegir æringjar og ég veit ekkert yndislegra en að grallarast með honum.“

Hrafn Gunnlaugsson segist vera hamingusamur maður en viðurkennir um leið að hafa á litríkri ævi verið margar persónur. Hann segir framkvæmdir sínar í Laugarnesinu hafa verið gleðiflipp og saknar þess að sköpunarkraftur borgarbúa sé ekki virkjaður.

Fyrir um mánuði brugðu borgaryfirvöld á það ráð að láta jafna við jörðu stóran hluta af náttúrugalleríinu við heimili Hrafns Gunnlaugssonar á Laugarnestanga. Steinar og klettar voru fjarlægðir, slétt úr jarðvegskúlptúrum, dælt upp úr fuglatjörnum og þær fylltar, og Hrafni gert að fjarlægja ýmsa muni sem voru utan lóðarmarka hans. Hrafn segir þessa framkvæmd lítt skiljanlega, ekki síst í ljósi þess að náttúrugalleríið stóð ekki í vegi fyrir neinum nýframkvæmdum á vegum borgarinnar, hvorki róluvelli né golfvelli, – eina sem kom í staðinn var að tyrft var yfir allt svæðið.

„Ég hef aldrei girt lóðina af eða lokað henni fyrir öðrum. Hér hefur öllum verið velkomið að fara um og ég upplifað umhverfið í kringum húsið sem eina heild, og hafði því í sköpunargleði minni farið út fyrir lóðarmörkin, sem voru ærið óljós í mínum huga, af því þessu svæði var ekkert sinnt af borginni,“ segir Hrafn. „Með þessu var ég alls ekki að eigna mér landið og var ekki að fara inn á lóð annarra nággranna,“ segir Hrafn. „Ef ég hefði þurft að rýma til vegna þess að hér ætti að skapa eitthvað nýtt og fallett þá væri ég fyrsti maður til að skilja að nauðsynlegt væri að láta þetta brölt mitt víkja. En hvað sjáum við nú? Þar sem áður var yndislegt leiksvæði, tvær litlar tjarnir og gróður, þar er nú búið að tyrfa yfir og komið enn eitt túnið. Aðgerðirnar virðast hafa miðað að því einu að leggja í rúst það sem hér var.“

Pólitíkusar fóru á taugum

Af hverju brugðust borgaryfirvöld við á þennan hátt?

„Ég held að Þorleifur Gunnarsson, borgarfulltrúi Vinstri-grænna, sem beitti sér mest í þessu máli, hafi viljað skora pólitískar keilur. Hann hefur hugsað: „Í slúðri manna á milli er Hrafn tengdur við Sjálfstæðisflokkinn. Nú get ég komið Sjálfstæðisflokknum í vanda með því að segja að Hrafn njóti forréttinda.“ Honum virðist hafa tekist að vekja mikla hræðslu hjá borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins. Ég held að aðgerðirnar hér á Laugarnesinu séu dæmigerð framkvæmd hræðslunnar. Þetta er ekki framkvæmd sem var yfirveguð og hugsuð heldur einkenndist hún af mikilli taugaveiklun og æðibunugangi. Auðvitað gat ég alltaf átt von á því að eitthvað yrði að víkja. En þá hafði ég vonast til að það gerðist í samráði við stjórn borgarinnar því ég hef alltaf átt frábært samstarf við embættismenn borgarinnar. En nú voru

Það pólitíkusar sem fóru á taugum. Ég er með bréf frá framkvæmdasviði borgarinnar þar sem lýst var yfir vilja til þess að ná samkomulagi um málið og sagt að til stæði að leggja tillögur fyrir borgarstjóra. Ég reyndi mánuðum saman að ná tali af borgarstjóra en ég náði aldrei sambandi. Hún var ósnertanleg.

Það var gott að búa á Laugarnestanga þegar Ingibjörg Sólrún var borgarstjóri, hún virtist hafa húmor fyrir þessu brólti mínu. Á sínum tíma sýndi hún vissan áhuga á því að borgin fengi forkaupsrétt að húsinu og lóðinni, sem yrði þá eign borgarinnar eftir minn dag. Sjálfum þætti mér frábært ef hér yrði einhvern tíma í framtíðinni starfræktur leikskóli og svæðið helgað börnum.

Á liðnum árum hef ég rætt við marga borgarstjóra og þeir hafa allir sýnt þessum framkvæmdum mínum þolinmóðan skilning, en mér hefur einnig verið sagt af þeim og embættismönnum að nágrannakona mín á Listasafni Sigurjóns væri heiftarlega afbrýðisöm og yfir sig hneyksluð á þessu öllu saman og væri stöðugt að skrifa ráðum og nefndum kærubréf og gera athugasemdir við það sem ég er að gera. Ég hef alltaf tekið því eins og hverjum öðrum nágrannakryt sem hlyti að jafna sig og hefði helst kosið að vinna með henni að því að svæðið hér á milli okkar yrði opinn höggmyndagarður og leiksvæði fyrir börn. Þórðargleði er ekki til í mínum beinum.“

Hrifnir útlendingar

Það er mikið um að fólk komi á þetta mjög svo sérstaka svæði til að skoða sig um. Hvernig viðmóti mætirðu frá gestum?

„Ég hef fundið mikinn velvilja frá borgarbúum, vísar konur og menn hafa fært mér álfasteina og hingað koma leikskólakrakkar í vettvangskannanir, leiðsögumenn koma með hópa og túristar banka hér upp á. Ég hef átt gott sambýli við nær alla nágranna mína og flest fólkið í kringum mig – sérstaklega huldufólkið sem bjó í steinunum sem nú hafa verið fjarlægðir. Hér er mikið um gestagang og mér berast daglega fleiri en eitt tölvubréf frá skemmtilegu fólki sem hingað hefur komið, þar á meðal er tillaga frá nokkrum Svíum sem segja staðinn svo sérstakan að þeir vilja að hann verði settur á minjaskrá Sameinuðu þjóðanna, eins og Þingvellir. Mestur húmorinn fannst mér þó í e-meili frá franskri konu sem sagði að Eyjafjallaeldgosið hefði verið stórbrotið, en heimsókn í húsið á Laugarnestanganum samt hápunktur heimsóknar sinnar.“

Og hér sér maður gæsir liggja á eggjum.

„Hér hefur verið skemmtilegt fuglalíf, þótt það sé núna nánast horfið burt með tjörnunum, en það liggja samt enn fáeinar gæsir á eggjum. Magnús Tómasson myndlistarmaður kom hér eitt sinn með tvo hrafnsunga og setti í fóstur hjá mér. Þessir hrafnsungar urðu ægilegir æringjar með aldrinum og miklir grínarar. Ef ég var í reimuðum skóm áttu þeir til að gogga í reimarnar og reima af mér skóna. Þeir fóru oft út að Sigurjónssafni og ég veit að þeir voru eitthvað að angra nágrannakonu mína. Það var alltaf mikill hávaði og gauragangur og mikið líf í þeim, og stríðnin æstist upp í þeim ef reynt var að stugga þeim burt. Svo einn daginn kom annar þeirra til mín inn í hús og grét mikið og vísaði mér upp í móa. Þar lá hinn hrafninn illa farinn. Ég fór með hann inn í hús. Hann drapst um nóttina og hinn drapst daginn eftir. Þeir höfðu komist í rottueitur nálægt safninu. Kannski var þar rottufaraldur. Ég sakna þessara hrafna.“

Kynni af hverfulleikanum

Hvað fannst þér erfiðast að missa í þessum framkvæmdum borgarinnar?

„Ég sé mest eftir lítilli tjörn hér niðri á sjávarkambinum þar sem Aron, fimm ára sonur minn, átti nokkra silunga. Þegar hann átti afmæli var hann gríðarlega montinn af því að geta boðið vinum sínum að veiða. Það er erfitt að útskýra fyrir honum að silungarnir séu farnir og búið að fylla upp í tjörnina og tyrfa yfir. Stundum fer hann ennþá út að gá að þeim.“

Hvað segirðu við hann?

„Ég reyni að setja þessa hluti í hverfulleikasamhengi. Ég segi Aroni að tilveran gangi í stöðuga endurnýjun, jafnvel Rómaveldi sé horfið og latína sé ekki lengur töluð. Hann er smám saman að sættast á að þannig gangi hlutirnir fyrir sig í veröldinni. Það er kannski ágætt að hann hafi kynnst hverfulleikanum. Viti að það sé ekkert sjálfgefið að silungar sem maður á í polli verði þar til eilífdar. En maður á samt að gleðjast yfir því sem maður hefur í augnablikinu og njóta þess eins og um eilífd væri að ræða og gleðjast yfir að skapa, þótt maður viti að fyrr eða síðar hverfur það eins og allt annað.“

Þú fórst í frí til útlanda meðan jarðýturnar frá borginni voru að breyta svæðinu.

„Þegar þessar jarðvegsframkvæmdir byrjuðu ákvað ég að koma mér burt. Það var erfitt að heyra í vélunum hér fyrir utan og sjá þær tæta í sundur það sem maður hefur reynt að byggja upp af ástúð. En þetta er nú einu sinni mold, það er ekki eins og ég hafi verið að missa hönd eða ættingja. Allir hlutir verða fyrir eða síðar að mold. Eftirminnilegustu ljóðlínur í mínum huga eru:

Bókfellið velkist og stafirnir fyrnast og fúna,

fellur í gleysku það orð sem er lifandi núna.

Legsteinninn springur og letur hans máist í vindum,

losnar og raknar sá hnútur er traustast vér bindum.

Mér finnst aðeins Jónas Hallgrímsson hafa ort jafnvel á íslensku og Jón Helgason í þessum lokálínum úr Í Árnasafni.“

Þessi framkvæmd var gleðiflipp

Stundum er sagt að Reykjavík sé hvorki nægilega falleg né nógu skemmtileg borg. Ef það er rétt, hvernig á að bæta úr því?

„Ég sakna þess að sköpunarkraftur borgarbúa sé ekki virkjaður og borgin gerð skemmtileg fyrir börn. Í líf okkar Íslendinga vantar oft gleðina yfir því að vera til og dansa svolítið. Þessi framkvæmd mín í Laugarnesinu var gleðiflipp og gerð til að skemmta og deyja ekki úr leiðindum.

Það eru til borgarstjórar með skemmtilega sýn, eins og borgarstjórinn í París sem fékk þá hugmynd að búa til hvíta sólbaðsströnd við Signu fyrir neðan ráðhúsið. Það er núna einn

vinsælasti staðurinn í París. Það er nauðsynlegt fyrir allar borgir að eiga skemmtilega borgarstjóra og það er kostur ef sá borgarstjóri hefur listræna taug í kroppnum og er ekki hræddur við sköpunargáfu borgarbúa. Þótt einhverjir borgarbúar séu slíkir sérvitringar að þeir reyni að gera umhverfi sitt skemmtilegra þá má borgarstjórinn ekki fara á taugum og senda jarðýtur á það svæði, heldur á hann að skoða málið, eða í það minnsta ræða við gleðigjafann og athuga hvort ekki sé hægt að finna flöt á því. Munurinn á pólitíkusum og embættismönnum er sá að pólitíkusinn á að hafa sýn og móta heildarstefnu, gera sér hugmyndir um borgina og umhverfi hennar og síðan er það embættismanna að útfæra hana. Mér finnst mikilvægt að í Reykjavík sé borgarstjóri sem móti borgina og hafi sýn á hana.

Einu sinni kom sú tíska upp í leikhúsi að allir ættu að leikstýra öllum í grúppudínamikkk – enginn einn leikstjóri, heldur allsherjar samvinna. Niðurstaðan varð eitt versta leikhús sem sögur fara af. Þessi grúppudínamikkk sannaði að sérhver leiksýning verður af hafa einn afgerandi leikstjóra. Þjóðstjórnarhugmyndir, eins og hafa komið fram hér í borginni, verða til þess að stjórnvaldið verður endanlega andlitslaust. Allir geta vísað á næsta mann og enginn ber ábyrgð. Það er hætt við að slíkt stjórnvald yrði fyrst og fremst stjórnvald forræðishyggju og flatneskju.“

Hvað ertu að gera núna?

„Svíar báðu mig um að gera mynd sem átti að heita Þungur hnífur og vera mín sýn á Ísland í gegnum tíðina. Sá getnaður hefur ekki enn orðið í höfðinu á mér að ég sé tilbúinn að gera þá mynd. Ég finn enga innri þörf hjá mér til þess – ennþá! Ég er Svíum þakklátur fyrir hugmyndina og að vilja fjármagna þessa mynd. En hvort ég geri hana veit ég ekki. Það fer eftir því hvort ástríðan til að kvikmynda vaknar. Svo hef ég verið að spekulera í þeirri hugmynd að opna hér vídeótek og sýna víkingamyndirnar mínar fyrir ferðamenn, og bjóða þá upp á svipaðar veitingar og hægt er að kaupa á Sigurjónssafni hér við hliðina á. Kannski sækir maður um veitingaleyfi, því ekki!“

Hvað gerirðu á daginn?

„Ég var að bjástra við að skrifa og klippa tilraunakennda mynd, en svo var öllum tölvunum mínum stolið og skrifin glötuðust og klippið horfið. Ég var búinn að skrifa ansi mikla heimildarsögu um tímann þegar við Vilmundur Gylfason vorum sem mest að bralla. Þetta voru minningar sem ég setti í hugmyndafræðilegt samhengi. Ég held að eina byltingin sem hafi ekki étið börnin sín sé rokk og ról-byltingin. Hún er eina byltingin í heiminum sem hefur pottþétt leitt gott eitt af sér.“

Ætlarðu ekki að byrja aftur á þessari bók?

„Ég veit það ekki. Maður þreytir ekki stúdentspróf tvisvar. Og ég þarf að kafa ansi djúpt í sjálfan mig til að ná aftur í skottið á þessu efni. En kannski jafna ég mig.“

Ertu pólitískur?

„Já, ég er mikill anarkisti og verð æ meiri anarkisti með árunum. Vilmundur Gylfason kallaði mig sósíal-anarkista, hvað svo sem það er. Ég trúi í grunninn á sósíalískt jafnræði en um leið hef ég tröllatru á sköpunargleði einstaklingsins. En ég verð æ minna flokkspólitískur. Mér stendur stuggur af öllu sem heitir stjórnvald og forræðishyggja.“

Pólitískur rétttrúnaður er það hættulegasta sem til er, og þá skiptir engu hvort hann er til hægri eða vinstri. Ég vona bara að næsti borgarstjóri verði ekki möppudýr, svo ég taki mér aftur í munn orð frá Vilmundi heitnum.“

Ertu tiltölulega sáttur við lífið og tilveruna?

„Ég er hamingjusamur og hef átt litríkt líf. Ég á fimm ára gutta sem hefur sterka músíktaug, ímprovísarar á píanó, er mikill dansari og er alltaf að teikna. Hann hefur bæði kúbönsku listrænu taugina og þá sem kemur úr minni fjölskyldu. Saman erum við ægilegir æringjar og ég veit ekkert yndislegra en að grallarast með honum. Við erum sameiginlega að rækta álfa og huldufólk í steinunum hér í kring.“

Hugsarðu um dauðann?

„Þegar maður eldist sækja á mann tilvistarlegar spurningar. Með aldrinum aðhyllist ég æ meir það viðhorf að allt sé tímabundið. Við höfum tíma til láns frá almættinu og svo erum við farin. En ef það er til framhaldslíf og maður lifir eftir dauðann, hvernig lifir maður þá? Sjálfur er ég búinn að vera margar persónur. Ef það er framhaldslíf, hvaða útgáfa af mér mun þá lifa? Mun ég lifa eins og þegar ég var tvítugur? Eða eins og ég er núna? Eða mun ég lifa eins og þegar ég var að gera Hrafninn flýgur og bjó yfir mestri orku?“

Hvaða útgáfa af þér myndirðu vilja að lifði eftir dauðann?

„Ég vona að lífinu ljúki eins og góðri bók – sé búið. Ég held að það sé einhver grimmasta refsing sem til er að fá ekki að sofna út af, heldur þurfa að halda áfram að lifa. Það er eins og að vera í partí sem ætlar aldrei að ljúka. Allt sem verður til eyðist upp og svo hættir það að vera til. Það á líka við um mann sjálfan.“